

STJÓRN STRÆTÓ BS.

240. fundur. Föstudaginn 11. mars 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir (símleiðis), Gunnar Valur Gíslason og Theódóra S. Þorsteinsdóttir. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfi Strætó
2. Akstursútboð
3. Þjónustustefna Strætó
4. Farþegatalningar
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfi Strætó

Áframhaldandi umfjöllun frá síðasta fundi stjórnar um fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfi Strætó og næstu skref í endurskoðun leiðakerfisins.

Á fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur þann 09.03.2016 var lagt fram minnisblað starfshóps um leiðakerfisbreytingar dagsett 9.03.2016, með tillögum að breytingum á leiðum 12, 16 og 26 í Reykjavík sem lagt er til að taki gildi 5. júní 2016 um leið og sumaráætlun á höfuðborgarsvæðinu. Tillögurnar fela í sér að láta leið 12 ekki fara yfir á sumartíma heldur halda 15 mínútna tíðni á annatíma yfir sumarið ásamt því að leggja niður akstur um helgar á leið 16 og leggja alfarið niður leið 26. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við kynntar leiðakerfisbreytingar en tekur fram að mikilvægt sé að fylgst verði vel með og reynslan af breytingunum metin.

Fyrir fundinum lá jafnframt minnisblað til stjórnar, dags. 09.03.2016, sem tekur m.a. á framangreindu, frá starfshópi sem skipaður var í janúar 2016 til að meta fyrirliggjandi tillögur Ágústs Þorbjörnssonar, hagverkfræðings hjá Framsækni ehf. um rekstrarhagræðingu og nýtingu fjármagns við skipulag leiðakerfis Strætó.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur að breytingum á leiðum 12, 16 og 26 í Reykjavík. Jafnframt samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra að taka saman yfirlit yfir áætlað fjárhagslegt hagræði af kynntum hugmyndum af frekari leiðakerfisbreytingum í ágúst 2016, sbr. framlagt minnisblað starfshópsins.

2. Akstursútboð

Áframhaldandi umfjöllun frá fundi stjórnar 8. janúar sl. um stöðuna sem upp kom í kjölfar síðasta akstursútboðs vegna nýrrar túlkunar á innheimtu virðisaukaskatts af aðkeyptum akstri Strætó. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála í viðræðum við þá tvo bjóðendur sem samið var við í kjölfar útboðsins; Kynnisferðir, sem þegar hafa skilað inn verðum miðað við breytt umhverfi virðisaukaskatts í rekstri Strætó og Hagvagna sem von er á verðum frá á næstunni miðað við breytt umhverfi virðisaukaskatts í rekstri Strætó.

Í undanfara síðasta akstursútboðs lögðu stjórnendur Strætó fyrir stjórn mismunandi tillögur varðandi útboðið hlutfall af heildarakstri og kynntu hugsanleg áhrif mismunandi kosta á rekstraráætlun fyrirtækisins. Í áhættumati, sem fylgdi ákvörðun stjórnar til staðfestingar eigendafundar í apríl 2015 um að bjóða út um 40% akstursstunda Strætó, kom jafnframt fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að bjóða út stærri hluta aksturs fyrirtækisins síðar.

Með vísan til þess að reikna má með um 2ja ára útboðs- og samningaferli vegna aukinna kaupa á akstri Strætó og undirbúningstíma akstursaðila í kjölfarið samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að gerð áhættumats í tengslum við frekari útboð Strætó á akstri á höfuðborgarsvæðinu þar sem m.a. sé metin áhætta sem felst í frekari fjárskuldbindingu Strætó af auknum verktakaakstri á komandi árum og áætluð séu áhrif aukins verktakaaksturs á rekstrarkostnað og fjárfestingarþörf byggðasamlagsins. Jafnframt sé horft til þess að uppbygging Borgarlínu er nú til umræðu, samningur við ríkið um eflingu almenningssamgangna rennur út á árinu 2022 og að óvissa ríkir um fjárframlag ríkisins til þess verkefnis eftir það.

Stefnt skal að því að greinargerð framkvæmdastjóra ásamt áhættumati verði lögð fram í stjórn til umfjöllunar eigi síðar en í september 2016.

3. Þjónustustefna Strætó
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við greiningu þjónustubátta fyrirtækisins vegna undirbúnings að gerð þjónustustefnu Strætó.
Almenn umræða um hlutverk Strætó, framtíðarsýn og hugsanlegt innihald þjónustustefnu.
4. Farþegatalningar
Fyrir fundinum lá skýrsla, dags. 10.03.2016, um talningu farþega haustið 2015 og þróun undanfarinna ára á farþegafjölda Strætó. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að milli áráanna 2014 og 2015 fjölgaði farþegum um 4,0%. Þetta er sambærileg aukning og var milli áráanna 2013 og 2014, en minni fjölgun en var á árunum 2010-2012, þá fjölgaði farþegum um 7,2-11,9% milli ára. Í skýrslunni er lögð áhersla á nauðsyn þess að Strætó komi sér upp talningarkerfi sem gefi sem besta mynd af farþegafjölda í rauntíma og þróun yfir árið.
Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingamála, fór yfir mögulegar fjárfestingar í rafrænum talningarbúnaði sem gerði Strætó kleift að telja í vögnum jafnt og þétt yfir árið. Það myndi hjálpa mikið til við ákvörðunartöku varðandi hugsanlegar breytingar á leiðakerfi Strætó í framtíðinni.
Stjórn leggur áherslu á að sérfræðingur Strætó kynni niðurstöður farþegatalningar haustið 2015 fyrir eigendum.
Stjórn óskar eftir að kostnaðaráætlun með mismunandi valkostum varðandi fjárfestingu í rafrænum talningarbúnaði verði lögð fram á næsta fundi stjórnar. Í áætluninni verði m.a. horft til fyrirkomulags og umfangs talningarbúnaðar í vagna, annars hugbúnaðar sem til þarf, stofnkostnaðar og kostnaðar við uppsetningu svo og rekstrarkostnaðar í kjölfar innleiðingar rafræns talningarfyrirkomulags fyrirtækisins.
5. Önnur mál
Minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 20.01.2016, um reynslu Strætó af metan- og vetnisvögnum, sbr. umræðu á fundi stjórnar 4. desember 2015.
Lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10

Fylgiskjöl:

- Skýrsla farþegatalningar haustið 2015, dags. 10. mars 2016.
- Minnisblað starfshóps, dags. 09.03.2016, varðandi áformaðar leiðakerfisbreytingar í júní 2016.
- Minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 20.01.2016, um reynslu Strætó af metan- og vetnisvögnum.

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir